

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

252. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 04. júní 2015,

kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Ragnar Smári Helgason og Árborg Ragnarsdóttir

Starfandi byggingafulltrúi: Eyjólfur Þórarinsson boðar forföll

Fundarritari: Guðrún Eik Skúladóttir

Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1505024.** Húnaþing vestra kt. 540598 – 2829 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara.
2. **Erindi nr. 1505033.** Ríkiseignir kt. 690981 – 0259 f.h. Ríkissjóðs Íslands sækja um byggingarleyfi að Breiðabólstað. Niðurrif á íbúðarhúsi vegna altjóns.
3. **Erindi nr. 1506016.** Ríkiseignir kt. 690981 – 0259 f.h. Ríkissjóðs Íslands sækja um byggingarleyfi að Breiðabólstað. Bygging nýs húss að Breiðabólstað.
4. **Erindi nr. 1505032.** Ástvaldur Benediktsson kt. 300550 – 3719 sækir um byggingarleyfi að Mið - Kárástöðum. Nýtt aðstöðuhús.
5. **Erindi nr. 1505016.** Elísabet Bjarnadóttir kt. 240249 – 3599 sækir um byggingarleyfi að Ásbraut 6, Hvammstanga. Klæðning utan á bílskúr.
6. Erindi frá Húnaþing vestra kt. 540598 – 2829 Kynning á starfslýsingu fyrir hafnarsvæðið á Hvammstanga.

Tekið á dagsskrá:

7. **Erindi nr. 1503053.** Skógræktarsamningur milli Staðar í Hrútafirði og Norðurlandsskóga.
8. **Erindi nr. 1506003.** Kaupfélag Vestur Húnvetninga kt. 680169 – 1879 sækir um stöðuleyfi fyrir gáma á hafnarsvæði Hvammstangahafnar.
9. **Erindi nr. 1506008.** Tómas Örn Daníelsson kt. 050381 – 3589 sækir um byggingaleyfi að Tjörn 1. Nýtt Fjánhús.
10. **Erindi nr. 1505001.** Niðurstaða grenndarkynningar að Garðavegi 14.

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1505024.** Húnaþing vestra kt. 540598 – 2829 sækir um með erindi dagsettu 21.05.2015 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara. Annars vegar er um að ræða lagningu ljósleiðara frá símstöð í Miðfirði að Litla – Ósi í norður og inn Miðfjörð allt að Skeggjastöðum og Fosshól í suður, hins vegar frá símstöð í Reykjaskóla í Hrútafirði um Reykjatanga sbr. meðfylgjandi uppdretti frá verkfræðistofunni Stoð ehf.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um leyfi landeigenda, umsögn minjavarðar og fullnægjandi gögn.

2. **Erindi nr. 1505033.** Ríkiseignir kt. 690981 – 0259 f.h. Ríkissjóðs Íslands sækja um með erindi dags. 27.05.2015 um heimild til niðurrifs á rústum íbúðarhúss að Breiðabólstað lnr. 144525 vegna altjóns sem varð í bruna.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda og bendir á umsögn minjavarðar um hvernig staðið skuli að förgun.

3. **Erindi nr. 1506016.** Sigurður H. Kristjánsson f.h. ábúanda að Breiðabólstað spyrst fyrir með erindi dags. 28.05.2015 um heimild til þess að reisa nýtt hús á rústum þess gamla.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að ekki sé æskilegt að reisa nýtt hús á rústum þess gamla þar sem ljóst er að húsið stendur á fornum bæjarhól og eru minjar undir sverði allt um kring eins og segir í álitni Þórs Magnússonar frá Minjastofnun Íslands.

Skipulags- og umhverfisráð leggst gegn því að nýtt hús verði reist á rústum núverandi húss og bendir á að út frá sjónarmiði minjavörslu væri heppilegast að finna húsinu nýjan stað í góðri fjarlægð frá bæjarhólnum.

4. **Erindi nr. 1505032.** Ástvaldur Benediktsson kt. 300550 – 3719 sækir með erindi dags. 27.05.2015 um byggingarleyfi til þess að reisa nýtt aðstöðuhús að Mið – Kárastöðum lnr. 144491 samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. A-101, A-102 og S01unnum af Braga Þór hjá Stoð Verkfræðistofa.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir byggingaráform umsækjanda með fyrirvara um fullnægjandi gögn

5. **Erindi nr. 1505016.** Elísabet Bjarnadóttir kt. 240249 – 3599 sækir með erindi dags. 12.05.2015 um leyfi til þess að klæða að utan bílskúr að Ásbraut 6, Hvammstanga samkvæmt meðfylgjandi lýsingu.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda.

6. **Erindi frá Húnaþing vestra** kt. 540598 – 2829 Kynning á starfslýsingu fyrir hafnarsvæðið á Hvammstanga. Erindi frestað.

Tekið á dagsskrá:

7. **Erindi nr. 1503053.** Valgerður Jónsdóttir f.h. Norðurlandsskóga leggur fram skógræktarsamning milli Norðurlandsskóga kt. 420500 – 3510 og 12H13 ehf. kt. 610613 – 1600 að Stað í Hrútafirði lnr. 144048.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda. Slökkviliðsstjóri bendir á að tryggja skuli aðkomu slökkviliðs um skógræktarsvæði.

8. **Erindi nr. 1506003.** Kaupfélag Vestur Húnvetninga kt. 680169 – 1879 sækir með erindi dags. 13.05.2015 um stöðuleyfi fyrir þrjá 40 feta gáma á hafnarsvæði Hvammstangahafnar samkvæmt meðfylgjandi loftmynd.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda og bendir á að staðsetja skal gáma í samráði við hafnarvörð og að fara beri í einu og öllu eftir skilyrðum fyrir stöðuleyfi á hafnarsvæði Hvammstangahafnar. Einnig bendir ráðið á að hafin er vinna við deiliskipulag á hafnarsvæði.

9. **Erindi nr. 1506008.** Tómas Örn Daníelsson kt. 050381 – 3589 sækir með erindi dags. 03.06.2015 um byggingaleyfi að Tjörn 1 á Vatnsnesi lnr. 144579. Um er að ræða byggingu á 360 m² fjárhúsi samkv. meðfylgjandi teikningu nr. A01, A02 og A03 dags. 01.06.2015 frá Hauki Árnasyni byggingafræðing. Ríkiseignir sem landeigandi heimilar fyrir sitt leyti

ábúendum, Stelli Guðrúnu Ellertsdóttur og Tómasi Erni Daníelssyni, á ríkisjörðinni Tjörn 1 að reisa 360 m² fjárhús á jörðinni.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir byggingaráform umsækjanda með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Slökkviliðsstjóri bendir á að gera skuli grein fyrir stærð þakglugga vegna reyklosunar.

10. **Erindi nr. 1505001 áður á dagskrá 251. fundar.** Niðurstaða grenndarkynningar að Garðavegi 14. Fyrir liggja undirskriftir allra sem grenndarkynnt var fyrir.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur leyfið út þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40

Pétur Arnarsson

Guðrún Eik Skúladóttir

Guðjón Þórarinn Loftsson

Árborg Ragnarsdóttir

Ragnar Smári Helgason